

Alþingi
Erindi nr. P 140/963
komudagur 7.2.2012

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 7. febrúar 2012

Efni: Umsögn Samtaka verslunar og þjónustu um frumvarp til laga um vörumerki, 269. mál

SVP – Samtök verslunar og þjónustu vísa til erindis efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis, dags. 27. janúar sl., þar sem óskað er umsagnar samtakanna um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 45/1997, um vörumerki, með síðari breytingum, 269. mál. SVP hafa kynnt sér efni framangreinds frumvarps og vilja fá að koma á framfæri við efnahags- og viðskiptanefnd eftirfarandi athugasemdum.

SVP fagna þeim breytingum sem lagðar eru til í frumvarpinu á þá vegu að með skýrum hætti sé tekið á því að vörumerkjalögum er ætlað að taka til þjónustu jafnt sem vörur. Fagna SVP þessari breytingu sem samkvæmt athugasemdum í frumvarpinu er sett fram í því skyni að auka skýrleika einstakra ákvæða laganna.

SVP benda á að í a.-lið 2. gr. frumvarpsins er lögð til ákveðin orðalagsbreyting, þ.e. breytt verði úr tilvísuninni „vel þekkt“ yfir í „alþekkt“. Samkvæmt athugasemdum við ákvæðið segir að með breytingunni sé verið að gera greinarmun á merkjum sem vísað er til annars vegar í 4. gr. laganna og hins vegar 7. málsli. 14. gr. laganna en sama hugtakanotkun yfir ólík tilvik skapar óvissu og þykir rétt að skýra. SVP taka undir að mikilvægt sé að greina á milli ólíkra merkinga eftir mismunandi ákvæðum laganna. Eftir sem áður benda samtökin á að hér er um að ræða huglægt mat á framangreindu orðalagi og óljóst er með öllu hvort sú breyting sem lögð er til í frumvarpinu leysi úr því álitamáli sem þessu er ætlað að leysa. Ef ekki liggur fyrir samræmd skilgreining á annars vegar „vel þekkt“ og hins vegar „alþekkt“ er ljóst að skil þar á milli verða ávallt vafa undirorpinn og ekki í samræmi við kröfur um skýrleika lagaákvæða.

Þá er í b.-lið 2. gr. frumvarpsins lögð til sú breyting að í ákveðnum tilvikum geti skráning vörumerkja verið háð því að slík skráning skarist ekki á við réttindi sambærilegra merkja erlendis. Eins og fram kemur í athugasemdum við ákvæðið í frumvarpinu er meginreglan sú að vörumerkjarétturinn er landsbundinn og því eigi ákvæði þetta eingöngu við í undantekningartilvikum. SVP telja að breyting þessi kunni að vera til bóta til verndar vörumerkjum og tryggi um leið vörumerki skráð hér á landi gagnvart hugsanlegum brotum gegn þeim eða skráningu sambærilegra merkja erlendis. Hins vegar ítreka samtökin, líkt og fram kemur í frumvarpinu, að hér er um að ræða undantekningu frá framangreindri meginreglu og samkvæmt almennum lögskýringarsjónarmiðum ber ávallt að túlka undantekningar þröngt.

Þá benda SVP á að í frumvarpinu er lagt til að Einkaleyfastofu verði veitt víðtækara hlutverk, þ.m.t. til að fella skráningu úr gildi, sem áður hefur verið í höndum dómstóla. Rökin fyrir þessu koma fram í athugasemdum við viðkomandi ákvæði frumvarpsins. Þannig segir m.a. í athugasemdum við 6. gr. að með því að heimila einkaleyfayfirvöldum, auk dómstóla, að fella skráningu úr gildi í tilteknum tilvikum er stefnt að því að gera það aðgengilegra að fá skráningar, sem ekki hafa verið notaðar, felldar úr gildi. Þá segir þar að dómstólaleiðin getur

verið kostnaðarsamt úrræði auk þess sem sú leið tekur af jafnaði lengri tíma en afgreiðsla mála hjá stjórnvöldum. Af frumvarpi þessu má því ráða að framvegis verði hægt að leita annars vegar til Einkaleyfastofu og hins vegar til dómstóla varðandi þau álitaefni sem áður heyrðu eingöngu undir dómstóla, þ.e. komið er á tvíhliða kerfi varðandi samskonar mál. Í þessu samhengi má velta fyrir sér hvort ekki sé því rétt að stíga skrefið til fulls og fela Einkaleyfastofu þetta hlutverk almennt en svo geta ágreiningsmál varðandi afgreiðslu stofnunarinnar eftir sem áður heyrst undir æðra stjórnvald eða dómstóla í samræmi við stjórnsýslulög og almennt réttarfar. Það að halda úti tvíhliða kerfi um sambærileg mál kann eftir atvikum að valda ákveðinni réttaróvissu.

Loks benda SVP á að í frumvarpinu er kveðið á um heimild til að setja gjaldskrá fyrir þá þjónustu sem Einkaleyfastofa veitir, þ.e. til innheimtu á þjónustugjöldum. Að mati SVP er víða pottur brotinn hjá hinu opinbera varðandi töku þjónustugjalda og þeirra kostnaðarliða sem innheimtir eru með slíkum gjöldum. Sökum þessa vilja SVP nota tækifærið og ítreka að við afmörkun á því hvaða kostnaðarliði heimilt er að leggja til grundvallar á fjárhæð þjónustugjalds verður að hafa í huga að stjórnvaldi er aðeins heimilt að taka gjald fyrir beinan kostnað eða kostnað sem er í nánum og efnislegum tengslum við þá þjónustu eða starfsemi sem sérstaklega er tilgreind í viðhlítandi gjaldtökuheimild, en að jafnaði er ekki heimilt að líta til annarrar og óskyldrar starfsemi stjórnvaldsins, sbr. t.d. álit umboðsmanns Alþingis í málum nr. 1041/1994 og nr. 4189/2004 sem og álit setts umboðsmanns í máli nr. 5530/2008. SVP ítrekar að þjónustugjaldi er eingöngu ætlað að standa að hluta eða öllu leyti undir kostnaði við þá þjónustu sem látin er í té af hinu opinbera. Það má leiða af skilyrðum 40. og 77. gr. stjórnarskrárinnar að stjórnvaldi er með öllu óheimilt að afla almennra rekstrartekna með innheimtu þjónustugjalda. Ítreka því SVP að haga ber gjaldtöku Einkaleyfastofu vegna þeirrar þjónustu sem veitt er í samræmi við þessi sjónarmið.

Að öðru leyti gera SVP ekki frekari athugasemdir við efni framangreinds frumvarps að svo stöddu.

Virðingarfyllst,
f.h. SVP



Lára M.K. Ólafsson
lögfræðingur